

hafið þér borið undir úrskurð stjórnarráðsins, hvort framvegis eigi að taka það afgangið undan alþingistulli, eða hvort ástæða sé til að heimta það, sem ekki hefir verið galdið síðan 1855.

1871.

1. marz.

Eptir að stjórnarráðið hefir skrifast á við stjórnardeild reikningsmálanna um síðara atriðið, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og eptirbreytni:

Um 1. spurningu. Við þessari spurningu verður að kveða jáyrði, og fellst því stjórnarráðið á ráðstafanir yðar í þessu efni.

Um 2. spurningu. Það stjórnarráðið að öllu leyti verður að fallast á skoðanir yðar um þetta atriði, skal eptirleidis telja það afgangið til þess að greiða af alþingistoll, en aptur á móti virðist ekki eptir atvikum næg ástæða til að heimta alþingistoll af þessum afgangið fyrir þann tíma, sem liðinn er.

Um þá uppástungu yðar, að greiða skuli alþingistoll af kaupstaðaeignum, og þeim verzlunarhúsum, sem verða talin sem kaupstaðaeignir, ásamt tómthúsum, sem þar eru byggð, og að verði búinn til viðbætur við erindisbréf 18. júlí 1848¹⁾, skal þess að endingu getið, að stjórnarráðið hefir skrifað hinum amtmönnunum um þetta mál, en ennþá ekki fengið svar frá norður- og austur-amtinu; má því fyrst búast við úrskurði stjórnarráðsins um þetta mál síðar meir.

15. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárhagsstjórnarinnar, um styrk handa jarðyrkjumanni.

1. marz.

Það dómsmálastjórnin hefir enn fremur veitt Sveini Sveinsyni úr Austfjörðum á Íslandi, sem nú er á landbúnaðarskóla í Norvegi, 50 rd. styrk til þess að ferðast um Norveg, eptir að hann hefir lokið námi sínu á skólanum, og til að kynna sér þar fjárrækt, mælumst vör til, að fjárhagsstjórnin hlutist til um, að það upphæð verði borguð skjalaverði Jóni Sigurðssyni úr aðalféhirzlunni

¹⁾ Lovsamling for Island, XIV., 143.

1871. hær í borginni af því fê, sem veitt er með fjárhagslögnum 20
1. marz. gr. VI. C.

4. marz.

16. Brêf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk til að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum.¹

Í sambandi við brêf stjórnarráðsins 31. janúar þ. á., gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þær auglýsið það, að 500 rd. eru veittir af því fê, sem til er tekið í Áætlun um tekjur og útgjöld Íslands fyrir reikningsárið 1871—72. 11. gr., til þess að halda áfram að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum.

Um leið og þess er getið, að stjórnarráðið hefir í dag sagt landfógetanum að láta þetta fê af hendi þá er þær heimtið það, mælumst vèr til þess, að þær gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, samkvæmt tillögum yðar í brêfum, dagsettum 15. júním. 1869 og 28. nóvbrm. f. á., og húumst vèr við að fá skýrslur frá yður um, hvað gjörzt hefir í þessu, þegar þar að kemur.

4. marz.

17. Brêf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um skrásetning skips.²

Eptir að stjórnarráðið hafði sent aðalskattastjórninni til úrskurðar brêf yðar 7. nóvbr. f. á., ásamt fylgiskjöllum, um það, að skonnortuskipið »Reykjavík« verði ritað á aðalskipaskrána fyrir Ísland, höfum vèr fengið brêf frá skattastjórninni, sem vèr sendum yður eptirrit af, en eptir því, sem þar segir, á samkvæmt tilsk.

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III., 138.

²) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 39.